

Nd. **379. Frumvarp til laga** [174. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Uppsali í Barðastrandarhreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Karli Sveinssyni, bónda í Hvammi í Barðastrandarhreppi, eyðijörðina Uppsali í Barðastrandarhreppi í Vestur-Barðastrandarsýslu fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni Karls Sveinssonar, bónda í Hvammi í Barðastrandarhreppi, en jörð þessi hefur verið óbyggð og ónytjuð um langt árabil. Útilokað er talið, að hún komist í ábúð aftur, en nýtjar hennar gætu orðið Karli Sveinssyni til gagns, og þykir því eðlilegt, að sala þessi verði heimiluð.